

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Rangárþingi eystra.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Deiliskipulag sumarhúsalóðar, Móeiðarhvoll 2, lóð.

Deiliskipulagið tekur til um 8,2 ha lóðar úr landi Móeiðarhvals 2. Tillagan tekur til byggingarreits þar sem heimilt verður að byggja 2 fristundahús og 2 gestahús/geymslu.

Deiliskipulagstillagan var samþykkt af sveitarstjórn Rangárþings eystra 13. desember 2013.

Óveruleg breyting á deiliskipulagi Hellishóla.

Breytingin tekur til stækkunar á byggingarreit á lóð fyrir gistihús. Breyttar áherslur valda því að fyrirhugað er nú að ráðast í uppbyggingu gistihúsa fjær núverandi þjónustuhúsi en áður var gert. Þar með stækkar lóðin úr 6.705 m² í 11.910 m².

Deiliskipulagsbreytingin var samþykkt af sveitarstjórn Rangárþings eystra 9. janúar 2014.

Ofangreindar deiliskipulagstillögur hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Hvolsvelli, 10. febrúar 2014.

F.h. sveitarstjórnar Rangárþings eystra,

Anton Kári Halldórsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.